

Reykjavík, 23. mars 2015

Skrifstofa borgarritara,
Ellý K. Guðmundsdóttir
Ráðhúsi Reykjavíkur

Minnisblað: Eftirlit með rafrænum kosningum um Betri hverfi 2015

Kosningar um Betri hverfi á árinu 2015 hófust kl. 00:00:02 hinn 17. febrúar 2015 og stóðu til kl. 02:00:00 24. febrúar sama árs.

Í 14. grein reglna um rafrænar kosningar um Betri hverfi 2015, hér eftir nefndar Reglurnar, kemur fram að *Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með því að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar*. Verkefnið var tvíþætt að þessu sinni, annars vegar að hafa eftirlit með framkvæmd kosninganna og hins vegar eftirfylgni með ábendingum Innri endurskoðunar sem settar voru fram eftir kosningarnar 2014.

Innri endurskoðun staðfestir að skráðum ferlum var fylgt í meginráttum og metur greind frávik ekki þess eðlis að þau hafi áhrif á öryggi og niðurstöður kosninganna. Innri endurskoðun staðfestir að birtar niðurstöður voru í samræmi við talningu atkvæða í kosningunum.

Innri endurskoðun mun fylgja eftir úrbótum vegna neðangreindra ábendinga sbr. alþjóðlegan innri endurskoðunarstaðal IPPF 2500.

1. Eftirlit með kosningum um Betri hverfi 2015

Framkvæmd kosninga

Í aðdraganda rafrænu kosninganna um betri hverfi eru ýmsar prófanir og athafnir sem þarf að halda að viðstöddum embættismönnum, það er reglustjórum og eftirlitsaðila frá Innri endurskoðun. Hinn 4. febrúar var haldin lykllaathöfn og tveimur dögum síðar talningarprófun. Villa kom upp og því var talningarprófun endurtekin 9. febrúar. Enn kom upp villa sem tæknihópur fann lausn á eftir allnokkra yfirlegu og tengdist hún uppfærslu á dreifilykli í skammtímaminni. Eftir að búið var að uppfæra var lykllaathöfn og talningarprófun endurtekin. Hvort tveggja gekk áfallalaust og engar athugasemdir gerðar við framkvæmd þeirra athafna, einungis var um að ræða lítilsháttar frávik í handriti athafnar.

Ofangreindar endurtekningar á lykllaathöfn og talningarprófun að öllum hópnum viðstöddum hefði verið hægt að koma í veg fyrir með ítarlegri prófunum á virkni kosningakerfisins áður en allur hópurinn var kallaður saman til að framkvæma athafnir. Í ljósi þess að kosningakerfinu hafði verið breytt frá fyrra ári var sérstaklega áriðandi að framkvæma ítarlegar prófanir á því hvort allar breytingar virkuðu eins og skyldi. Innri endurskoðun gerir því ábendingu um að tæknihópur gangi framvegis úr skugga um að tölvukerfið virki rétt áður en kallað er til athafna.

Ábending: Tæknihópur við framkvæmd kosninga þarf að gera ítarlegar prófanir á að kosningakerfi virki rétt að öllu leyti áður en kallað er til lykllaathafnar og talningarprófana í aðdraganda kosninga.

Ræsing raunumhverfis fór fram mánudaginn 16. febrúar og tókst það eftir nokkra hnökra, en engin stór frávik voru frá handriti athafnar. Talning atkvæða var síðan að loknum kosningum, miðvikudaginn 25. febrúar. Talning gekk vel og engin stór frávik urðu.



Kosningar hófust á tilteknum tíma en þegar þær höfðu staðið í tæpan sólarhring kom upp að tvö verkefni í tilteknu hverfi höfðu fengið sama auðkennisnúmer. Verkefnin voru misdýr og hafði dýrara verkefnið fengið rangt auðkenni, þannig að þeir sem völdu það á þessum sólarhring gátu valið fleiri verkefni en þeir hefðu átt að geta miðað við heildarupphæð. Villan var lagfærð tafarlaust. Ástæða villunnar var mannleg mistök í handvirkum innslætti auðkennisnúmeranna. Slíkt getur alltaf gerst og því er nauðsynlegt að handvirkur innsláttur sé yfirfarinn af öðrum starfsmanni. Þess ber að geta að bæði þessi verkefni hlutu kosningu.

Ábending: Nauðsynlegt er að handvirkur innsláttur gagna í tengslum við rafrænar kosningar um betri hverfi sé yfirfarinn af öðrum starfsmanni til að lágmarka hættu á villum.

Annað frávík kom í ljós þegar kosningar voru langt komnar, eða um það bil sólarhring áður en þeim átti að ljúka. Kosningarétt höfðu allir Reykvíkingar sem orðnir voru 16 ára í árslok 2014, það er þeir sem eru fæddir árið 1998 eða fyrr. Þau mistök urðu hjá Þjóðskrá að gleymdist að uppfæra forrit sem sækir viðeigandi árganga sem mega kjósa, þannig að í forritinu var miðað við árgang 1997 og eldri, eins og í kosningunum ári fyrr. Þetta uppgötvaðist þegar einstaklingur fæddur 1998 reyndi að kjósa. Villan var lagfærð og haft samband við þá aðila úr þessum árgangi sem höfðu árangurslaust reynt að auðkenna sig inn á kosningasíðuna, alls 10 manns, og þeim bent á að villan hefði verið lagfærð og þeir gætu kosið.

Til að koma í veg fyrir svona mistök væri hægt að óska eftir staðfestingu frá Þjóðskrá um að gerðar hafi verið viðeigandi breytingar á forriti í tengslum við rafrænu kosningarnar, svo verkefnastjóri kosninganna geti fullvissað sig um að kjósendur séu rétt skilgreindir. Í staðfestingunni þyrfti að koma fram hvaða breytingar hafi verið gerðar.

Ábending: Verkefnastjóri rafrænna kosninga um Betri hverfi þarf að óska eftir staðfestingu á því frá Þjóðskrá hvaða breytingar hafi verið gerðar á forriti sem skilgreinir hverjir hafa rétt til að kjósa.

Yfirferð niðurstaðna kosninga

Innri endurskoðun yfirfór hvort birtar niðurstöður í skýrslu kjörstjórnar væru í samræmi við niðurstöðu talningar atkvæða sem fram fór miðvikudaginn 25. febrúar 2015 og reyndist svo vera. Smávægilegar innsláttarvillur voru í upplýsingum skýrslunnar, en þær snertu þó ekki atkvæðatölur. Verkefnastjóra kosninganna var gert viðvart um villurnar og lagfærði hann þær tafarlaust.

2. Eftirfylgni með minnisblaði frá árinu 2014

Innri endurskoðun gaf út minnisblað, dagsett 13. ágúst 2014, um niðurstöður eftirlits með rafrænum kosningum um Betri hverfi 2014. Niðurstaðan var að skráðum ferlum var fylgt í meginráttum og greind frávík voru ekki þess eðlis að þau hefðu áhrif á öryggi og niðurstöður kosninganna. Birtar niðurstöður kosninganna voru í samræmi við greidd atkvæði.

Innri endurskoðun gerði sjö ábendingar í ofangreindu minnisblaði og ítrekaði eina ábendingu frá árinu 2013 sem ekki hafði hlotið úrbætur. Úrbótum vegna ábendinganna var fylgt eftir nú og eru niðurstöður þess eftirfarandi:

Ábending	Úrbætur	Mat IE
Tryggja þarf að þeir sem hafa skilgreind hlutverk í rafrænum kosningum um Betri hverfi séu viðstaddir athafnir og til taks þar til kosningum lýkur.	Við val á einstaklingum í skilgreind hlutverk í rafrænum kosningum um Betri hverfi 2015 var þessi ábending höfð til hliðsjónar og það tryggt að viðkomandi gæti verið viðstaddir athafnir og verið til taks þar til kosningum lauk. Við allar athafnir í rafrænum kosningum um betri hverfi 2015 voru allir viðstaddir sem höfðu skilgreint hlutverk.	Úrbætur eru fullnægjandi
Bæta þarf undirbúning rafrænna kosninga m.a. þannig að aðföng séu til staðar, fyrirsjáanlegum breytingum á kosningahugbúnaði og ritli sé lokið áður en lykkaathöfn fer fram, öruggar geymslur séu aðgengilegar og að talningavél sé rétt uppsett áður en lykkaathöfn fer fram.	Undirbúningur rafrænna kosninga um Betri hverfi 2015 var í lagi; aðföng voru alltaf til staðar, öruggar geymslur voru aðgengilegar og talningavél var rétt uppsett áður en lykkaathöfn fór fram. Fyrirsjáanlegum breytingum á ritli og kosningahugbúnaði var lokið áður en lykkaathöfn fór fram, en fyrsta lykkaathöfn, prufukosning og talning mistókst vegna tæknilegra vandræða með dreifilykil, eins og fjallað er um í kaflanum um framkvæmd kosninga hér að framan. Þar er gerð ný ábending um prófanir tölvukerfis.	Ný ábending
Kjörstjórn þarf að staðfesta reglur um varðveislu eigna, reglur um leyniorð og dulritun, skjal um aðskilnað hlutverka og viðbragðsáætlun.	Reglurnar og önnur tilgreind skjöl voru lögð fram og staðfest á fundi kjörstjórnar þann 30. janúar 2015.	Úrbætur eru fullnægjandi
Öll skjöl sem varða rafrænar kosningar betri hverfa skulu vera auðkennd með merki borgarinnar og dagsett.	Öll skjöl eru auðkennd með merki borgarinnar og dagsett.	Úrbætur eru fullnægjandi
Yfirfara og skrá þarf ferli kosninga frá afhendingu kóða til Reykjavíkurborgar þar til niðurstöður kosninga eru birtar borgarbúum.	Ferli kosninga hefur verið skráð.	Úrbætur eru fullnægjandi
Bæta þarf við Reglurnar ákvæði sem skýrir forsendur á vali verkefna sem hljóta jöfn atkvæði.	<u>Í 8. lið reglnanna var bætt við tölulið 6 sem hljóðar þannig:</u> Ef upp koma tilfelli þar sem verkefni kosta mismikið og eru jöfn að atkvæðum og vafi leikur á um hvort þeirra skuli teljast valið, sker kjörstjórn úr um það með hlutkesti.	Úrbætur eru fullnægjandi
Setja þarf inn ákvæði í Reglur um rafrænar kosningar um Betri hverfi um hvernig fjármagni sem ekki verður úthlutað skuli ráðstafað.	<u>Bætt var við reglurnar svohljóðandi lið nr. 9:</u> Gert er ráð fyrir 300 milljónum króna til verkefnisins. Upp getur komið sú staða að fjármagn nýtist ekki til fulls vegna uppröðunar verkefna. Ef eftir stendur fjármagn sem ekki nýtist í verkefninu skal það renna aftur í borgarsjóð.	Úrbætur eru fullnægjandi
<u>Ítrekuð ábending frá 2013:</u> Tryggja þarf í tíma nægilega prófun og þá um leið gera ráð fyrir tíma til að bregðast við annmörkum.	Breytingar voru gerðar á tímaáætlun þannig að vinna fagteymis USK og hverfisráða við mat og uppstillingu á hugmyndum hefst fyrr og lýkur á styttri tíma. Vinna kosningateymis miðaði að því að prófanir gætu hafist fyrr.	Úrbætur eru fullnægjandi

Virðingarfyllt,



Hallur Símonarson,
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Afrit: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Helga Björk Laxdal, formaður kjörstjórnar rafrænna kosninga Betri hverfa 2015
Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og reksturs